

MOSFELLINGUR

15. tbl. 7. árg. föstudagur 5. desember 2008. Dreift frítt inn á öll heimili og fyrirtæki í Mosfellsbæ, á Kjalarnesi og í Kjós

Hátíð í Mosfellsbæ

Jólalegt á torginu

Um síðustu helgi var mikið um að vera á nýja miðbæjartorgi Mosfellsbæjar. Ljósín voru tendruð á jólatrénu og jólamarkaður var opnaður á sannkölluðu jólatorgi. Skólahljómsveit Mosfellsbæjar lék og barnakór Varmárskóla söng jólalög og lét kuldann lítið á sig fá. Inni í Kjarna var svo Kammerkórinn með jólaschemmtun þar sem dansað var í kringum jólatréð. Jólamarkaðurinn á miðbæjartorginu verður opinn alla laugardaga og sunnudaga á aðventu frá kl. 14-18.

EIGN VIKUNNAR

Fálkahöfði - endaraðhús

 **EIGNAMÍÐLUN**
Mosfellsbæ



Mjög fallett 148 fm endaraðhús á einni hæð, með innbyggðum bílskúr við Fálkahöfða í Mosfellsbæ. Í húsinu eru þrjú rúmgóð svefnherbergi. Mikil lofthæð er í húsinu sem gerir það bjart og skemmtilegt. Stórt bílabilan fyrir framan húsið er hellulagt, með snjóbræðslu og góðar verandir með skjólveggjum. **V. 39,9 m.**

Kjarna • Þverholti 2 • 270 Mosfellsbær • S. 586 8080
Einar Páll Kjærnested, lögg. fasteignasali • www.fastmos.is, www.eignamidlun.is



RÉTTINGAVERKSTÆÐI
Jóns B. ehf

Flugumýri 2, Mosfellsbæ
Símar: 566 7660 og 697 7685
jonrett@internet.is

Ný
CABAS
tjónaskoðun


**Vottað
verkstæði**

Þjónustuverkstæði
útvægum bílaleigubíla



MOSFELLINGUR

mosfellingur@mosfellingur.is
www.mosfellingur.is

Útgefandi: Mosfellingur ehf.
Skeljatanga 39, sími: 694-6426
Ritstjóri og ábyrgðarmaður:
Hilmar Gunnarsson
Blaðamaður: Ruth Örnólfssdóttir
ruth@mosfellingur.is
Umbrot og hönnun: Mosfellingur
Prófkör: Hjördís Kvaran Einarsdóttir
Ljósmyndari: Magnús Már Haraldsson
Prentun: Prentmet, 3500 eintök

Tekið er við aðsendum greinum á netfangið
mosfellingur@mosfellingur.is og skulu þær
ekki vera lengri en 500 orð.

**Mosfellingur kemur út að
jafnaði á þriggja vikna fresti.**

Næsta blað kemur út 19. des.

Líf í gömlu húsin

Þrátt fyrir kreppu og mótvind í
þjóðfélaginu kom fjöldi fólks
saman þegar kveikt var á jólatrénu
á miðbæjartorginu. Þar er einnig
búið að koma upp smáhýsum




sem ætlað er mynda
jólastemningu um
helgar fram að jólum.
Torgið er því að sanna
notagildi sitt og nú sem
jólatorg.

Auðu
húsin,
sem hafa
verið þó-
nökkur í
miðbæ

Mosfellsbæjar að undanfögnu,
öðlast nú líf eitt af öðru. Pizza-
bakarí hefur nú opnað í gamla
bakarishúsinu og bílasala er
væntanleg í gamla Nóatún. Eins
gengur Brúarland nú í endurnýjun
lífdaga og fyllist brátt af nemend-
um sem nú munu nýta húsnaðið
sem framhaldsskóla. Um þessar
mundir er einnig unnið er að
vinnslu deiliskipulags varðandi
miðsvæði Mosfellsbæjar þar sem
rísar mun kirkja og menningarhús.
Samkeppni um þessar byggingar
verður fljótlega hrint í framkvæmd.

Það færist því smátt og smátt
líf í miðbæinn.

Hilmar Gunnarsson, ritstjóri



Í ÞÁ GÖMLU GÓÐU...

... þegar Mosfellingar héldu upp á
17. júní í fyrsta sinn. Sundlaugin að
Varmá var vígð við sama tilefni á
þessum góðviðrisdegi árið 1964.
Á myndinni má sjá Drengjahljóm-
sveit Mosfellssveitar spila við þessi
hátúðarhöld undir stjórn Birgis D.
Sveinssonar.

Frá hægri: Guðmundur Jónsson,
Bjarni Ásgeir Jónsson, Hróbjartur
Óskarsson, Þóður Hauksson, Pétur
Haukur Ólafsson, Jón Benediktsson,
Valgeir Guðmundsson, Ólafur Þór
Ólafasson, Guðjón Þorbjörnsson,
Gunnlaugur Hreinsson, Kjartan
Þórðarson, Sveinn Sigvaldason,
Bjarki Bjarnason, Þorkell Jólsson
og Birgir D. Sveinsson.

Á næsta ári fagnar skólahljómsveit
Mosfellsbæjar 45 ára afmæli.



HÉÐAN OG ÞÁÐAN



Mosfellingur á netinu



www.mosfellingur.is

Getur þú fundið **Benjamín** falinn í blaðinu?

PÍLUS

MOSFELLSBÆ

Hársnyrting - verslun



**Við erum komin í jólastuð
og erum því með mikið úrval
jólagjafa og ýmis tilboð í boði.**

**Pílus óskar viðskiptavinum
sínun og landsmönnum
öllum gelðilegrar hátíðar.**

Hársnyrting og verslun Þverholti 2 Kjarna Mosfellsbæ S:566 6090



Vilja að hætt verði við Helgafellsveg

Varmársamtökin hvetja bæjar- yfirvöld til að hætta við lagningu Helgafellsvegar um Álafosskvos. Í ályktun samtakanna segir að algjört hrun blasi við í byggingar- iðnaði og ljóst sé að engin þörf sé fyrir nýbyggingar á næstu árum. Varmársamtökin leggja til að í stað þess að Mosfellsbær fari í kostnaðarsamar lagfæringar á Helgafellsvegi sé tengibrautin tekin upp við Álafoss og gróður- mold ekið í sárið í hlíðinni. Með því að fjarlægja Helgafellsveg skapist ráðrúm til að vernda Kvosina og færa Álafossveg til fyrra horfs. Aðalfundur samtakanna fór fram þann 25. nóvember og nýja stjórn skipa Freyja Lárusdóttir, Kolfinna Baldvinsdóttir, Ólafur Ragnarsson, Páll Kristjánsson og Sigrún Pálsdóttir. Gunnlaugur B. Ólafsson og Kristín Pálsdóttir sitja í varastjórn.

MOSFELLINGUR á vaktinni

Mosfellingur gerði verð- samanburð á bensíni á þeim þremur bensínstöðvum sem eru til staðar í Mosfellsbæ. Svona var verðið þegar Mosfellingur fór í prentun.

Atlantsólía

95 okt. 141,7 kr/ltr
Diesel 170,8 kr/ltr

N1

95 okt. 147,5 kr/ltr
Diesel 176,6 kr/ltr

Olís

95 okt. 147,5 kr/ltr
Diesel 176,6 kr/ltr



Brúarlandshúsið var reist á öðrum áratug síðustu aldar sem barnaskóli

Framhaldsskóli í Brúarlandi

Næsta haust geta framhalds- skólanemar í Mosfellsbæ sótt nám í heimabyggð því fyrir liggur samning- ur milli menntamálaráðuneytisins og Mosfellsbæjar um að settur verði á stofn framhaldsskóli í Mosfellsbæ frá og með haustinu 2009. Fyrstu tvö árin fer kennslan fram í Brúarlandi.

„Það er sérlega ánægjulegt að Brúarland gangi nú í endurnýjun lífdaga og þar hefst kennsla á nýjan leik. Nú verður þetta gamla og fall- ega hús tekið í gegn að innan sem utan,“ segir Karl Tómasson forseti bæjarstjórnar.

Framhaldsskóli sem kennir sig við auðlindir og umhverfi

Haraldur Sverrisson bæjarstjóri segir að samkvæmt kostnaðaráætl- un kosti endurbæturnar um 80 m.kr. Samkomulagið við mennta- málaráðuneytið gerir ráð fyrir að kostnaðurinn skiptist til helminga milli ríkisins og Mosfellsbæjar.

Að sögn Herdísar Sigurjónsdóttur formanns fræðslunefndar er stefnt að því að skólinn kenni sig við auð- lindir og umhverfi í viðum skilningi, bæði í náttúru sem og umhverfi mannsins og sjálfbærri menningu.

Hér er átt við auðlindir náttúru - í orku og umhverfi, auðlindir sam- félagsins í menningu, listum og sköpun og þær auðlindir sem felast í mannauði og lýðheilsu.



Haraldur Sverrisson bæjarstjóri, Herdís Sigurjónsdóttir formaður fræðslunefndar og Karl Tómasson forseti bæjarstjórnar við Brúarland.

Tólf sóttu um stöðu skólameistara

Menntamálaráðuneytið hefur auglýst eftir skólameistara og rann umsóknarfrestur út 17. október sl. Alls sóttu tólf um stöðuna. Nýverið skipaði menntamálaráðuneytið skólaneftnd um nýjan framhalds- skóla í Mosfellsbæ. Í henni sitja Ragnheiður Ríkharðsdóttir for-

maður, Ásta Björg Björnsdóttir, Eyjólfur Guðmundsson, Gylfi Dal- mann og Jónas Sigurðsson. Eitt af verkefnum nefndarinnar er að ráða skólameistara og hefur hún þegar hafið viðtöl við umsækjendur. Ber nefndinni að skila niðurstöðum til menntamálaráðherra fyrir 12. desember næstkomandi.

Kjósverjarnir Bubbi og Hrafnhildur komin í jólaslap Bubbi Morthens í Hlégarði

„Ég ætla að spila bæði gamalt og nýtt efni og ræða svo málin við fólk um ástandið í þjóðfélaginu,“ segir Bubbi aðspurður um hvað hann ætli að spila á tónleikunum sínum í Hlé- garði 17. des. „Tónleikarnir snúast fyrst og fremst um það að fólk komi og láti sér líða vel og njóti aðven- tunnar saman.“ Bubbi býr ásamt eiginkonu sinni Hrafnhildi Haf- steinsdóttur og börnum í Kjósinni og ég spyr Bubba hvort þeim líði ekki vel í nýjum húsakynnum og séu komin í jólaslap? „Jú, okkur líður

mjög vel hér í sveitinni, eðlilega voru þetta meiri viðbrigði fyrir Hrafnhildi að flytja hingað en mig því þetta eru mínar æskuslóðir. Hér er gott sam- félag og það er yndislegt að vera komin aftur. Við fjölskyldan erum komin í jólaslap, búin að skreyta og hengja upp seríur. Hér í Kjósinni ríkir öðruvísi stemmning því hér er svo mikil kyrrð og friður en á okkar heimili ríkir sérstök eftirvænting því það er von á litlum Kjósverja í feb- rúar“ segir Bubbi að lokum.

R.Ö.



Bubbi gróðursetur eplatré á góðviðrisdegi.

KIRKJUSTARFIÐ

www.lagafellskirkja.is



Helgihald næstu vikur:


7. desember kl. 20:00

Aðventukvöld Lágafellssóknar verður haldi í Lágafellskirkju. Ræðumaður kvöldsins er Ævar Kjartansson. Tónlist flytja: Óskar Pétursson, Örn Árnason, Hanna Björk Guðjónsdóttir, Kirkjukór Lágafellssóknar, Skólakór Varmár- skóla undir stjórn Guðmundar Ómars Óskarssonar, Hjörleifur Valsson, Sigurður Flosason, Örn- ólfur Kristjánsson, Helga Steinunn

Torfadóttir, Ingrid Karlsdóttir, Richard Korn, Eva Björg Harðardóttir, Sigrún Harðardóttir, Sveinn Þórður Birgisson og Jónas Þórir, organisti. Prestar : Ragnheiður Jónsdóttir og Jakob Ágúst Hjálmarsson.

14. desember

Litlu jól barnastarfsins haldin í Lágafellskirkju kl. 11:00. Jólasöng- var, jólasaga og svo mun sveinn- inn jóla koma í heimsókn með glaðning í lok stundarinnar.



SÓKN Í SÓKN
– LIFANDI SAMFÉLAG
Vertu með í sókninni!

Urðarholt 2 270 Mosfellsbæ eldhusid.is

Leggðu númerið á minnið

522 • 2222

Besti vinur bragðlaukanna



ELD HÚSIÐ
Pizzabakari

EKTA OSTUR

ELDBAKSTUR

ÁSTRÍÐA



Heimsforseti Kiwanis í heimsókn

Nú í haust kom heimsfors-
eti Kiwanishreyfingarinnar,
bandaríkjamaðurinn Donald
R. Canaday, á fund hjá Kiwanis-
klúbbnum Mosfelli sem haldinn
var í Hlégarði. Um 50 Kiwanis-
félagar víðsvegar að af landinu
sóttu fundinn. Í fundarlok
afhenti S. Pétur Baldvinsson,
fráfarandi forseti Mosfells, Mr.
Canaday fána Mosfells til minn-
ingar um komuna.



Vorboðar heiðra tvo stofnfélaga

Vorboðar, kór eldri borgara,
æfir nú af fullum krafti enda
er fjöldi verkefna framundan.
Aðalfundur var haldinn þann 5.
nóvember en við það tækifæri
voru tveir af stofnendum kórsins
heiðraðir. Þetta eru þær Hjördís
Þorkelsdóttir og Titía G. Bjarna-
son og kann kórinn þeim bestu
þakki fyrir einlægan stuðning
við starfsemi kórsins frá upphafi.
Kórinn getur bætt við sig
félögum og er áhugasömum
bent á að hafa samband við
Maríu í síma 566-6337.
Á næsta ári eru 20 ár liðin frá
stofnun Vorboða.



Barrtré úr Barrholti. Einar Egilsson, Halla Svanþórsdóttir og Svanhildur
Einarssdóttir við tendrun jólatrésins sem þau gáfu úr garðinum sínum.

Líf og fjör á jólatorginu í miðbænum Jólaljósín tendruð



Brynhildur og Tóta í jólaþápi. Hornabytur ómaði um miðbæjartorgið.



Kveiktu jólaljósín. Þær Harpa Dís og Fanney Saga hjálpuðu
Haraldi Sverrissyni bæjarstjóra að tendra ljósín.



Dansað í kringum jólatréð í Kjarra eftir að inn var komið.

Diddú og drengirnir með sína árlegu aðventutónleika í Mosfellskirkju „Dagskrá umvafin fegurð og væntumþykju“

Diddú og drengirnir halda sína
árlegu aðventutónleika í Mosfells-
kirkju fimmtudaginn 11. desember
kl. 20.30. Aðventutónleikar hópsins
hafa verið árviss viðburður í menningarlífi
Mosfellsbæjar síðan árið
1997. Að vanda tengist efnisskráin
jólaföstudunni og hátíð jólaanna. Að
þessu sinni flytur hópurinn í fyrsta
sinn aríu úr Messíasi eftir Händel,
tvo þekktu sálma og tvö ný verk eftir
Gunnar Þórðarson auk annars efnis
og laga sem hafa skipað sér fastan
sess í efnisskrá Diddúar og drengj-
anna.

Hópin skipa Sigrún Hjálmtýs-
dóttir, klárnettuleikararnir Sigurður
Ingvi Snorrason og Kjartan Óskars-

son, hornleikararnir Emil Friðfinn-
son og Þorkell Jónsson og fagottleik-
ararnir Brjánn Ingason og Björn Th.
Árnason. Sigrún eða Diddú eins og
hún er oftast kölluð, er löngu orðin
þjóðþekkt fyrir sinn frábæra söng.
Á þessu ári hefur hún verið með
annan fótinn í Moskvu þar sem hún
hefur starfað með þarlandum tón-
listarsnillingum en afresturinn er
nýútkominn geisladiskur.

„Oft var þörf, en nú er nauðsyn,
fyrir fólk að hlýða á undurfagra tón-
list í réttu umhverfi. Dagskráin er
umvafin fegurð og væntumþykju,
sem ekki veitir af í öllu þessu um-
róti okkar“ segir Diddú sem syngur
nú með drengjunum 12. árið í röð.



ELDRI BORGARAR



Handverk til sölu

Til sölu er afgangur af ýmiss konar handverki,
í vinnustofu félagsstarfsins á Hlaðhömrum.
Ópið virka daga kl. 13-16.

Sparidagar á Hótel Ör

Sparidagar á Hótel Ör 1. - 6. mars 2009.
Upplýsingar og skráning á skrifstofu Félags-
starfs eldri borgara Hlaðhömrum kl. 13-16,
sími 586-8014 og einnig hjá Eyvindi í síma
697-4115.



Douglas Brochie í Lágafellskirkju

Þriðjudaginn 16. desember kl. 20

>> Orgeljól 2008 <<



Organisti Háteigskirkju í Reykjavík spilar ljúfa og skemmtilega orgeltónlist fyrir jólahátíðina

*Einnig kemur fram
Sigrún Jónsdóttir söngkona.*

Allir velkomnir -- aðgangur ókeypis



*Menningarmálanefnd Mosfellsbæjar hefur styrkt tónleikahald þetta.
Ljósmynd af Lágafellskirkju notuð með góðfúslegu leyfi Þorsteins H. Ingibergssonar*

Jólatrjáasala í Hamrahlíð



Skógræktarfélag Mosfellsbæjar
verður með jólatrjáasölu í
Hamrahlíð við Vesturlandsveg
nú í desember

Opið verður frá 10. desember

Kl. 12-16 virka daga

Kl. 10-16 um helgar

Tekið er á móti hópum á öðrum tímum ef óskað er.
Hafið samband í síma 867-2516 eða skogmos@internet.is



Hægt er að fara í skóginn og saga sjálfur tré en einnig verða til söguð tré á staðnum.

Til sölu eru:

- lifandi tré í pottum (1/2-1 m), greni og fura
- höggvin tré í öllum stærðum, greni og fura
- útlitsgölluð tré (veggtré)
- gjafabréf



JÓLATORG MOSFELLINGA

Á AÐVENTU




Jólastemmning í miðbæ Mosfellsbæjar.
Heitt súkkulaði, piparkökur, jólaglögg,
bækur, grænmeti, gjafavara, íþróttafatnaður,
geisladiskar, mynddiskar og margt fleira.
Tónlistarmenn, leikarar og óvæntar
uppákomur allar helgar.



**Jólatorgið á
miðbæjartorginu
verður opið alla
laugardaga og
sunnudaga fram
að jólum kl. 14-18**





Gefa út geisladisk og kort fyrir jólin

Kirkjukór Lágafellssóknar er félag áhugafólks um kirkjutónlist í Mosfellsprestakalli, formlega stofnað árið 1948 og á því 60 ára afmæli á liðandi ári. Lágafellskirkja var byggð haustið 1888 og vígð 24. október 1889. Hún á því 120 ára afmæli um þessar mundir. Í tilefni af þessum tímamótum hefur Kirkjukórinn gefið úr glæsilegt jólakort með mynd af kirkjunni, sem að stofni til er elsta hús í Mosfellsbæ. Einnig hefur flutningur kórsins á 11 alkunnum jólasálmum verið endurútfærinn og nú á geisladiski. Diskurinn er falleg gjöf, ekki síst til þeirra sem eiga þess ekki kost að vera á Íslandi um jólin. Umslagið prýðir sama mynd og er á jólakortinu. Kortin og diskurinn fást hjá kórfélögum, í safnaðarheimilinu í Þverholti 3 og í Hlín blómahúsi.



Haraldur nýr formaður SSH

Haraldur Sverrisson bæjarstjóri var kjörinn formaður Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu á aðalfundi félagsins. Við það tækifæri hvatti Haraldur fulltrúa SSH til að sýna samstöðu á þeim erfiðu tímum sem nú standa yfir og benti á hve nauðsynlegt það væri að sveitarfélög höfuðborgarsvæðisins geti komið fram sem ein heild og veitt hvort öðru stuðning í því einmitt að geta verið sá bakhjarl sem íbúar vænta af sveitarfélögum. „Fólk verður að finna stöðugleika í umhverfinu og geta treyst því að sveitarfélagin séu fyrst og fremst að hugsa um hag fólksins“ sagði hann.



Eggert Páll og Bjarni Bjarka setja kryddbrauð í ofninn.

Eldhúsið-Pizzabakarí hefur opnað í Urðarholti

Eldbakað í Mosó

Nýr pizzastaður hefur opnað í gamla bakaríinu í Urðarholti. Staðurinn er í eigu Eggerts Þórs Sveinbjörnssonar og fjölskyldu en um reksturinn sér Hallur Jónasson.

„Við opnuðum í síðustu viku og viðbrögðin hafa ekki látið á sér standa. Hér hefur verið allt brjálað að gera og biðjum við bara fólk um að sýna biðlund meðan við þjálfum upp starfsfólk og náum upp góðu tempói. Við höfum fengið dygga aðstoð frá fyrrum starfsfólki Pizzabæjar, þar á meðal Guðgeirs sem stofnaði Pizzabæ á sínum tíma og það er auðvitað ómetanlegt,“ segir Hallur. „Boðið er uppá eldbakaðar

pizzur, „orginal“ kryddbrauð, öl og viðburði á risaskjá svo eitthvað sé nefnt. Hér er allt unnið úr fyrsta flokks hráefni.“

Tugir mynda í eigu Mosfellings af bæjarlífinu eru þegar komnar uppá vegg og verður lögð áhersla á „lókál“ stemningu í þessu sögufræga húsi. „Ef fólk er til í að lána okkur myndir eða muni sem eiga sér sögu þá þiggjum við það með þökkum,“ segir Hallur. „Við hlökkum til að eiga viðskipti við Mosfellinga og nærsveitunga og munum bjóða upp á persónulega og trausta þjónustu. Síminn er 522-2222,“ segir Hallur og hlær, „leggið númerið á minnið!“

Dóra Hrund Gísladóttir, 19 ára píanóleikari

Tekur burtfararpróf frá Listaskólanum

Dóra Hrund, píanónemandi í tónlistardeild Listaskóla Mosfellsbæjar, heldur burtfararprófstónleika í Kjarna mánudagskvöldið 15. des kl. 20. Er þetta fyrsta burtfararprófið í píanóleik frá Listaskólanum.

Ólafur Eliasson hefur kennt Dóru síðustu tíu árin en þau eru bæði tiltölulega nýkomin í Listaskólann í Mosfellsbæ frá Garðabæ. Dóra er fyrimyndarnemandi en hún hefur spilað á píanó frá rúmlega þriggja ára aldri. „Hér við Listaskólann er rekin metnaðarfull skólastefna og verður spennandi að taka þátt í því starfi. Hér eru við nám margir efni-legir nemendur sem stefna hátt,“ segir Ólafur stoltur og hvetur fólk til að koma á tónleikana og hlýða á Dóru.



Kyndill fagnar 40 ára afmæli

Á árinu sem er að liða eru 40 ár síðan Björgunarsveitin Kyndill í Mosfellsbæ tók til starfa. Mikið vatn hefur runnið til sjávar í starfi sveitarinnar á þessum árum og hafa margir lagt hönd á plóginn við að efla og styrkja starf Kyndils. Af þessu tilefni verður opið hús og er eldri félögum, öllum bæjarbúum, velunnurum og öðrum gestum boðið í heimssókn þann 6. desember í hús björgunarsveitarinnar að Völuteigi 23, kl. 10-14. „Við vonumst til þess að sem flestir hafi tækifæri til að samfagna þessum tímamótum með okkur og í leiðinni að skoða húsa- og tækjakost björgunarsveitarinnar,“ segir Hlynur Sigurðarson formaður Kyndils.



Jólatónleikar til styrktar Kyndli

Jólaþjóf er styrktarverkefni Kirkjukórs Lágafellssóknar og Jónasar Þóris organista. Að þessu sinni eru tónleikarnir haldnir til styrktar björgunarsveitinni Kyndli í Mosfellsbæ. Tónleikarnir verða haldnir í Fríkirkjunni í Reykjavík sunnudaginn 14. desember kl. 17. Eins og vanalega leggur fjöldi góðra listamanna verkefninu lið og nefna má Diddú, Egil Ólafsson, Jóhann Friðgeir, Örn Arnason, Óskar Pétursson, auk hljómsveitar. Slegið verður á margvíslega strengi en grunntónninn er þó jólatónlist. Miðasala fer fram við innganginn en hægt verður að fá miða í safnaðarheimilinu vikuna á undan, frá kl. 9-12. Miðaverð er kr. 2500.

Jólamarkaður
Ásgarður handverkstæði



Laugardaginn
5. des
kl. 12-17
Álafossvegi 14-24



Aðventutónleikar Diddúar og Drengjanna

Sigrún Hjálmtýsdóttir ásamt bláasarasextett, í daglegu tali Diddú og drengirnir, halda sína árlegu aðventutónleika í Mosfellskirkju fimmtudaginn 11. desember 2008, kl. 20.30. Efnisskrá er með hefðbundnum hætti, klassískir tónar og jólalög.

Miðasala verður í Þjónustuveri Mosfellsbæjar. Forsala aðgöngumiða hefst 30. nóvember en einnig er hægt að greiða miðana símleiðis.

Menningarmálanefnd Mosfellsbæjar



MOSFELLSBÆR

MIÐASALA OG NÁNARI UPPLÝSINGAR: ÞJÓNUSTUVER MOSFELLSBÆJAR · KJARNA · SÍMI 525-6700 · WWW.MOS.IS

Stórleikur að Varmá 12. des kl 19.30 AFTURELDING - SELFOSS

Bæjarbúar hvattir til að koma og styðja strákana í afar mikilvægum leik í 1. deild karla í handbolta
Sýnum Selfyssingum okkar ljónagryfju - frítt inn!



www.afturelding.is

Sigurður Hrafn Þórólfsson gullsmiður er þekktastur fyrir smíði sína á litlum silfurskipum er skarta gulli og demöntum. Í seinni tíð hefur hann þó einbeitt sér að silfurskúlpúrum sem felldir eru að íslensku blágrýti.

Smíðar úr gulli og silfri

Hann er fæddur við Reykjavíkurtjörn í túnfæti Brekkukots þann 29. apríl 1939. Hann flutti ásamt móður sinni Hólmfríði Hemmert kennara norður yfir heiðar á sínu öðru aldursári en það sama ár lést faðir hans Þórólfur Sigurðsson bóndi og ritstjóri. Á sumrin hjuggu þau mæðgin í Baldursheimi í Mývatnsveit en yfir vetrartímann í Skagafirði þar sem móðir hans starfaði við kennslu. Eina hálf systur á hann sammæðra Jóhönnu Friðriksdóttur. Maðurinn sem um ræðir heitir Sigurður Hrafn Þórólfsson.

„Þegar móðir mín var við kennslu í Skagafirði var ég gjarnan skilinn eftir á bæjum hjá góðu fólki,“ segir Sigurður er ég tek hann tali og spyr hann út í uppvaxtarárin hans fyrir norðan. „Seinni árin kenndi hún svo á Sauðárkróki og þar gekk ég í skóla til sautján ára aldurs. Móðir mín var vel menntuð og sótti nám hér heima sem og erlendis og lauk starfsferli sínum sem talkennari í Kópavogi.“

Góðar stundir í sveitinni

„Í Mývatnssveitinni áttum við góðar stundir og það voru forrættindi að alast upp á jafn yndislegum stað sem þessum. Draumur minn á mínum yngri árum var að verða bóndi en þegar það kom í ljós að ég gat ekki lengur hlaupið uppi kindur hvað þá að halda í við kýrnar þá var ljóst að draumur bóndans var fyrir búi,“ segir Sigurður alvarlegur á svip. „Málið var að á þessum tíma var hrönnunar-sjúkdómur farinn að hrjá mig sem enginn áttaði sig á, sjúkdómurinn leiddi til þess að í dag fer ég allra minna ferða í hjólastól.“

Erfiðar aðstæður

„Framtíðin var því óráðin, en þráinn frændi minn sem var grandvar maður hvatti mig til að ganga menntavegin. Ég tók landspróf í Reykholti og innritaði mig síðan í Menntaskólann í Reykjavík. Er leið á fjórða bekk þar fór vöðvarýrnunin illilega að segja til sín. Ég bjó í Kópavogi á þessum tíma og bjó við erfiðar aðstæður þ.e.a.s. ég komst ekki upp stiga og komst varla lengur upp í strætó. Í þá daga fengu fatlaðir enga



aðstoð svo það fór svo að ég varð að hætta námi.“

Kynntumst á Hallormsstað

„Vorið 1955 hóf ég störf hjá Skógrækt Ríkisins á Hallormsstað og vann þar í sex sumur. Þetta voru stórkostlegir tímar og umhverfið ægífagurt og framandi. Síðasta sumarið mitt þar hitti ég Grétu mína, fallega átján ára stúlku en hún heitir fullu nafni Steinunn Margrét Ragnarsdóttir. Við giftum okkur árið 1963 og eigum tvær dætur þær Hólmfríði sjúkrapjálfa og Ragnhildi sem er doktor í vistfræði. Barnabörnin okkar eru fjögur.“

Vorið 1976 fluttum við fjölskyldan í Mosfellsveitina og sjáum sannarlega ekki eftir því, hér er mjög gott að búa.

Hjá Trésmiðjunni Víði vann ég í tæpa þrjá áratugi sem skrifstofustjóri. Þetta var stórt fyrirtæki með níutíu starfsmenn. Í þá daga var eingöngu innlend framleiðsla og við seldum húsgögn um allt land og síðustu ár fyrirtækisins fluttum við út húsgögn til Bandaríkjanna.“



Fjölskyldumynd frá 1992. Hólmfríður, Örn, Ragnhildur, Sigurður Torfi, Margrét og Sigurður Hrafn fyrir framan

MOSFELLINGURINN

Röddin bara eftir

„Tónlist hefur alltaf verið mér hugleikin og ég hóf nám í trompetleik og tónfræði hjá Karli O. Runólfssyni tónskáldi. Í framhaldi af því hóf ég nám í Tónskóla Sigursveins D. Kristinsónar. Í eitt ár lék ég í Lúðrasveit Verkalyðsins og síðan í átta ár í Lúðrasveitinni Svani, þetta var mjög svo skemmtilegur tími,“ segir Sigurður. „Vöðvarýrnunin tók svo í taumana og á endanum gat ég ekki lengur haldið á trompetnum. Ég hafði aðeins spilað líka á hljómborð og gítar með skólahljómsveitum en nú voru öll hljóðfærin farin fyrir búi. Þá var bara röddin eftir, ég hafði verið í kórum frá barnæsku en lauk tónlistarferli mínum í karlakórnum Stefni sem ég var í samfleytt í sautján ár undir stjórn góðs vinar míns Lárusar Sveinssonar.“

Sveinspróf í gull og silfursmíði

Árið 1992 tók Sigurður sveinspróf í gull og silfursmíði. Hann fékk áhuga á gullsmíði snemma á áttunda áratugnum og smíðaði fyrsta stykkið sitt árið 1972. Sigurður hélt sína fyrstu einkasýningu í Hlégarði árið 1987 í boði Menningarmálanefndar Mosfellsbæjar. Síðan þá hefur Sigurður haldið fjölmargar einkasýningar. Hann hefur einnig tekið þátt í samsýningum og unnið til verðlauna í alþjóðlegum samkeppnum. Verk eftir Sigurð eru meðal annars í eigu Forsetaembættisins. Sigurður var valinn bæjarlistamaður Mosfellsbæjar árið 1999. Þekktustu verk hans eru tvímælalaust litlu silfurskipin en þau skarta gulli, demöntum og sum þeirra jafnvel mannshárum.

Á seinni árum hefur hann einbeitt sér að silfurskúlpúrum sem felldir eru að íslensku blágrýti og síðasta uppátækið hans eins og hann orðar það er gufuvél úr silfri sem kemur til með að verða gangfær þegar fram líða stundir.

Ég spyr Sigurð hvernig gangi að smíða meðan vöðvarýrnunin sækir svona á hann? „Já, það er eitt sem rýrnunin hefur ekki tekið frá mér þó grimmt sé og það er að ég get enn smíðað úr góðmálum og á bara nokkuð auðvelt með það“ segir gullsmiðurinn að lokum og sýnir mér skartgripina sem hann var einmitt að ljúka við að smíða.

Myndir: Ruth Örnólfssdóttir og úr einkasafni



Verið velkomin á vinnustofusýningu mína
á Hvirfli í Mosfellsdal. Sýningin er opin alla daga
kl. 14-18, frá sunnudeginum 7. desember
fram á Þorláksmessu.

Póra Sigurpórsdóttir, leirlistarkona.

Fyrirtæki sem auglýsa í Mosfellingi

stuðla að því að þú fáið blaðið frítt inn um lúguna á þriggja vikna fresti



**Sá flottasti
í bænum**

Ökukennsla
Gylfa Guðjónssonar
Sími: 696 0042



ÁLAFOSS

Verslun, Álafossvegi 23

WWW.ALAFOSS.IS

Tökum að okkur alla
almenna jarðvinnu og
yfirborðsfrógang.



JARÐMÓTUN

Flugumýri 184, 270 Mosfellsbæ 5 586 8060 & 892 0989 t-póstur elias@jardmotun.is

VOTTORÐ FYRIR BURÐARVIRKISMÆLINGAR



Fullkomnustu grindarréttinga- og
mælitæki sem völ er á hér á landi

Á vinnubrögðum vorum sést
að vel er hönnuð iðjan
og nýja tækni nýtir best
Nýja Bílasmíðjan

Flugumýri 20
270 Mosfellsbæ
Sími: 566 8200-566 8201
Fax: 566 8202
Netfang: nybil@centrum.is



BÍLAMÁLUN • RÉTTINGAR • BÍLAMÁLUN • RÉTTINGAR

**ÞAÐ
SEM
TIL
ÞARF**



VGH
MOSFELLSBÆ
Verktaki - Vélaleiga

GSM: 896 6279 / 896 9443 / 896 2279

www.mos.is MOSFELLSBÆR

Þverholti 2 • 270 Mosfellsbæ • Sími 525 6700 • Fax 525 6729

ÁGÆTI HUNDAEIGANDI

Að gefnu tilefni skal hundaeigendum bent á
samþykkt um hundahald í Mosfellsbæ,
(sjá reglugerð á www.mos.is/stjornsysla/samþykktirogregrul)

4.gr - Almennt um skyldur hundaeigenda:

Hundur skal aldrei ganga laus á almannafæri heldur vera í taumi
í fylgd með aðila sem hefur fullt vald yfir honum.
Á almannafæri er hundaeiganda skylt að fjarlægja saur eftir
hund sinn/hunda sína á tryggilegan hátt.



**Fylgst er sérstaklega með
lausagöngu hunda og
þeir hundar fjarlægðir
sem nást lausir á
almannafæri.**

Dýraeftirlit Mosfellsbæjar



Einar Páll
Kjærnested
lökk. faste.sali



Þorleifur St.
Guðmundsson
lökk. faste.sali



Egilína S.
Guðgeirsdóttir



Hildur
Ólafsdóttir



Stelja Hrönn
Ólafsdóttir



Inga María
Ottósdóttir
lökk. faste.sali



Svanbjör
Einarsson

Litlækri - settu íbúð upp í



Bjartar og fallegar 3ja, 4ra og 5 herbergja íbúðir í nýju glæsilegu 3ja hæða lyftuhúsi við Litlækri 2 í Mosfellsbæ. Íbúðirnar eru með eikarinnréttingum og afhendast fullbúnar, án gólfna, en tvær sýningaríbúðir eru tilbúnar með gólfnum. Bílskur fylgir sumum íbúðum.
Hér gefst gott tækifæri á að setja minni eign upp í.

Verð frá 25,2 m.

Fellsás - parhús



Glæsilegt 184,7 fm parhús á tveimur hæðum með innbyggðum bílskúr. Húsið er teiknað af Ingimundi Sveinssyni, arkitekt. Húsið var allt innréttað á vandaðan hátt árið 2003 og hannað af Péttri Birgissyni, innanhúsararkitekt. Húsið stendur innst í botnlanga og hátt í landi og er mikið útsýni og víðátta frá húsinu. Þetta er afar skemmtileg og vel hönnuð eign á flottum stað. **Skipti koma til greina!**
****V. 51,9 m.****

Langitangi - fallett einbýli



Mjög fallett 171 fm einbýlishús með sambygg. bílskúr. Flott eldhús, hvítt háglans, með steingráum flisum og granítborðplötu. Vönduð tæki, stálitaður blástursofn, keramik helluborð, uppþvottavél og ísskápur/frystiskápur. Baðherbergi nýlega endurnýjað, fjögur svefnherb, stór stofa og borðstofa með arni og timburverönd og skjólgóður garður. Skipti möguleg! Laust til afhendingar strax!
Óskað er eftir tilboði í eignina.

Krókabyggð - endaraðhús



Mjög fallett og bjart 97,2 fm endaraðhús á einni hæð á góðum stað í grónu hverfi við Krókabyggð í Mosfellsbæ. Húsið skiptist í forstofu, stofu, borðstofu, eldhús, þrjú svefnherbergi og baðherbergi. Fallegur garður með góðri timburverönd. Falleg eign á vinsælum stað.
V. 29,8 m.

Álmholt 8 einb.m/aukaíbúð



326,7 fm einbýlishús með aukaíbúð og tvöföldum bílskúr. Á efri hæðinni er forstofa, innra hol, stórar stofur, eldhús, þvottahús, 3 herb. (4 skv. teikn.), baðherbergi o.fl auk 48 fm bílskúrs. Í kjallara er séríbúð sem skiptist í forstofu, 2 herbergi, stórt eldhús, baðherbergi. Í kjallaranum er einnig stórt herbergi sem gengið er í úr bílskúrnum en auðvelt er að sameina kjallaraíbúðinni auk mikils geymslurými.
Seljandi skoðar skipti á minni eign í Mosfellsbæ!
V. 59,9 m.

Byggðarholt - endaraðhús



131,5 fm endaraðhús á tveimur hæðum í grónu og fallegu hverfi með stórrí timburverönd við Byggðarholt 3 í Mosfellsbæ. Í húsinu eru fjögur herbergi. Stór timburverönd með skjólgirðingu og heitum potti, er suðvestanmegin við húsið. Þetta er afar góð staðsetning, göngufæri á Varmárskólasvæðið, í leikskóla og í miðbæ Mosfellsbæjar.
V. 28,9 m.

Svöluhöfði - 209 fm



Fallett og vel skipulagt einbýlishús með fimm svefnherbergjum, fallett eldhús með vönduðum tækjum, stofa, borðstofa, þvottahús, gestasalerni, baðherbergi með sturtu og baðkari og bílskúr með geymslu. Garður með timburveröndum. **Tilvalin eign fyrir stóra fjölskyldu!**
V. 59,0 m.

Bjartahlíð - raðhús



Sérlega glæsilegt og mikið endurnýjað 112,6 fm raðhús með innbyggðum bílskúr við Björtuhlíð í Mosfellsbæ. Húsið skiptist í forstofu, hol, tvö herbergi, fallett eldhús, bjarta borðstofu og stofu, glæsilegt baðherbergi með sturtu og nuddbaðkari og 22,8 fm bílskúr með góðu geymslulofti.
Seljandi skoðar skipti á minni eign!
V. 37,8 m.

Fálkahöfði - fallett parhús



Mjög fallett 132,6 fm 4ra herb., einlyft parhús með innb. 27,2 fm bílskúr. Húsið skiptist í forstofu, þvh., baðh. með kari og sturtu, hol, gang, tvö góð barnah., hjónah., stofu, borðstofu, eldhús og bílskúr með millilofti. Húsið stendur innst í botnlanga á fallgri og gróinni lóð.
V. 39,9 m.

Grenibbyggð - raðhús



Glæsilegt 164 fm endaraðhús á tveimur hæðum, auk rísherbis sem ekki kemur fram í fm tölu hússins. Á jarðhæð er eldhús, stofa, sólstofa, þvottahús og salerni, á 2. hæð eru 3 svefnherbergi, sjónvarpshol og fallett baðherbergi og í risi er stórt herbergi. Stórt hellulagt bílplan fyrir framan bílskúr og skjólgóður suðvesturgarður bakatil. **Lækkað verð!**
Seljandi skoðar skipti á minni eign!!
V. 39,8 m.

Hjarðarland - fallett parhús



Mjög glæsilegt 203,9 fm parhús á tveimur hæðum með miklu útsýni. Á jarðhæð er forstofa, þrjú svefnherbergi, baðherbergi og þvottahús. Á efri hæð er stór og glæsileg stofa, sjónvarpshol, svefnherbergi og stórt eldhús m/borðkrók. Falleg aðkoma er að húsinu, skjólgóð lóð og hellulagt bílplan.
Seljandi skoðar skipti á minni eign!
V. 46,8 m.

Furubbyggð - raðhús



Fallett 112,4 fm endaraðhús á einni hæð á stórrí hornlóð í grónu og fallegu hverfi. Vel skipulagt á tveimur þöllum, hannað af Ingimundi Sveinssyni, arkitekt. Í íbúðinni eru þrjú svefnherbergi, baðherbergi, sér þvottahús, eldhús með borðkrók og stór stofa/sólstofa.
V. 31,9 m.



Súluhöfði - sérhæð

Mjög falleg 216,7 fm efri sérhæð með tvöföldum bílskúr og aukaíbúð í kjallara, með glæsilegu útsýni við golfvöllinn í Mosfellsbæ. Sér lóð er fyrir framan húsið sem er fullbúin. Jarðhæðin er steypt, en önnur hæðin úr timbri, klædd að utan með múrsteinsflisum.
V. 59,5 m.



Tröllateigur - m/ útsýni.

Mjög falleg 3ja herb. 129,0 fm, endaíbúð á efstu hæð með einstöku útsýni, ásamt bílastæði í bílajakjallara í glæsilegu fjölbýli við Tröllateig 24 í Mosfellsbæ. Íbúðin er glæsilega innrétuð. A gólfum er eikarparket, ljósar flísar, en á baðherb. eru glerflísar. Þetta er glæsileg íbúð í vönduðu fjölbýli í miðbæ Mosfellsbæjar.
V 34,5 m.



Spóahöfði 26 Mosfellsbæ -

Mjög falleg 208,4 fm efri sérhæð með innbyggðum bílskúr í útjaðri byggðar. Hús teiknað af Kjartani Sveinssyni. 4 svefnherbergi. Sérsmíðaðar innréttingar, vönduð eldhústaeki. Náttúrusteinn og parket á gólfum. Glæsilegt útsýni er yfir golfvöllinn, niður að Leirvoginum og út á Faxaflóa og til Esjunnar. Stórar verandir eru í kringum húsið. Heitur pottur. **Frábær staðsetning. Lækkað verð!**
V. 53,9 m.



Tröllateigur - 3ja herbergja

Mjög falleg 94 fm, 3ja herbergja íbúð á jarðhæð með sérinngangi og afgirtum garði í fallegu fjórþýlishúsi. Tvö rúmgóð herbergi, eikarparket og flísar eru á gólfum og innréttingar úr eik. Þetta er falleg og vönduð 3ja herbergja íbúð á góðum stað, stutt í skóla, íþróttasvæði, Bónus og miðbæ Mosfellsbæjar.
V. 26,5 m.



Skeljatangi - 4ra herbergja

Falleg og vel skipulögð 94,2 fm 4ra herbergja íbúð á 2. hæð með sérinngangi og svölum í fjórþýli við Skeljatanga í Mosfellsbæ. Falleg íbúð sem skiptist í forstofu, gang, hjónaherbergi, tvö góð barnaherbergi, þvottahús, baðherbergi, stofu, eldhús og gott geymsluloft.
V. 25,7 m.



Litlikriki - raðhús

Til sölu fjögur mjög falleg raðhús við Litlakrika í Mosfellsbæ. Húsin eru 197 - 207 fm með bílskúr og afhentast fullbúinn að utan og langt kominn að innan. Þetta eru glæsileg hús á fallegum stað. **Ahvílandi lán frá Íbúðalánasjóð upp. 20 m. Verð frá 37,4 m.**



Hjallahlíð - 4ra herb.

Glæsileg 117,4 fm, 4ra herbergja íbúð á 2. hæð ásamt 24,1 fm bílskúr við Hjallahlíð í Mosfellsbæ. Íbúðin skiptist í forstofu, hol, þrjú góð herbergi, baðherbergi með baðkari og sturtu, rúmlegt eldhús með fallegri innréttingu, bjarta stofu og fullbúinn bílskúr. Falleg eign á toppstað.
V. 34,9 m.



Markholt - 3ja herbergja

Vel staðsett 67,5 fm 3ja herbergja íbúð á 2. hæð í fjórþýli með sér inngangi. Stór sérlóð og sér bílastæði. Búð er að draga nýjar raflagnir í íbúðinni. Þetta er fín íbúð á góðum stað. Kominn er tími á viðhald á íbúðinni og er hún því tilvalin fyrir handlagð fólk.
V. 14,8 m.



Tröllateigur - 4ra herbergja

Mjög falleg 121,4 fm íbúð með sérinngangi og sérgarði á jarðhæð miðsvæðis í Mosfellsbæ. Íbúðin skiptist í forstofu, stóra geymslu, hol, hjónaherbergi, tvö barnaherbergi, baðherbergi, stóra stofu, borðstofu, eldhús með glæsilegri innréttingu og útgeymslu. Rauðeikarparket og Mustangflísar á gólfum.
V. 31,9 m.



Bjartahlíð - 3ja herb. jarðh.

Rúmgóð og björt 104,2 fm, 3ja herbergja endaíbúð á jarðhæð með sérgarði í 3ja hæða fjölbýli við Björtuhlíð í Mosfellsbæ. Íbúðin skiptist í forstofu, gang, gott þvottahús/geymslu, eldhús með borðkrók, baðherbergi með sturtu og kari, tvö rúmgóð herbergi, stofu og borðstofu. Mjög stutt er í leikskóla, grunnskóla, sundlaug og World Class.
V. 24,8 m.



Skeljatangi - 4ra herbergja

Falleg 94,2 fm 4ra herbergja íbúð á jarðhæð, með sérinngangi í litlu fjórþýli. Íbúðin skiptist í forstofu, hjónaherbergi, tvö góð svefnherbergi, geymslu með tengi fyrir þvottavél, baðherbergi með baðkari, eldhús, stofu og kalda útgeymslu. Úr stofu er gengið út á heilulagða verönd og góðan garð.
V 24,8 m.



Klapparhlíð - 50 ára og eldri

Mjög falleg og rúmgóð 2ja herbergja, 90,9 fm íbúð, á 3ju hæð í 4ra hæða lyftuhúsi fyrir 50 ára og eldri. Fallegar flísar og askur á gólfum, baðherbergi með sturtuklefa og handklæðaoefni og stórt hjónaherbergi. Mjög fallegt útsýni er úr húsinu og stórar svalir. **Íbúðin er laus til afhendingar strax.**
V. 27,5 m.



Klapparhlíð - 5 herbergja

Falleg 112,6 fm, 5 herbergja endaíbúð á efstu hæð í nýlegu þriggja hæða fjölbýli við Klapparhlíð 28 í Mosfellsbæ. Góð stofa, eldhús með borðkrók, baðherbergi m/sturtu, sér þvottahús, 4 svefnherbergi og geymsla. Mahony innréttingar í eldhúsi, baði og svefnherbergjum. Frábær staður stutt í Lágafellsskólaskvæðið. Flott útsýni til suðurs og austurs. **Lækkað verð!**
V. 28,7 m.



Klapparhlíð-Til sölu eða leigu

90,5 fm, 2ja herbergja íbúð á EFSTU HÆÐ í 4ra hæð fjölbýli fyrir 50 ára og eldri. Þetta er vönduð lyftublokk með bílajakjallara. Íbúðin er björt og rúmgóð, eikarparket og flísar á gólfum og fallegar svefnherbergi. Stór stofa og borðstofa og svalir eru yfirbyggðar og með glerhurðum sem hægt er að opna. Bílastæði í bilageymslu fylgir.
V. 29,9 m.



Bach frumfluttur á Orgeljólum

Fastur liður í jólaundirbúningi í Mosfellsbæ eru tónleikar í Lágafellskirkju viku fyrir jól, svokölluð Orgeljól. Nú verða þau haldin í fjórða sinn, með dýrmætri hjálp menningar-málanefndar bæjarins og góðs fólks í Lágafellssókn. Árið í ár verður sérstakt því flutt verður á Orgeljólum 2008 í fyrsta skipti á Íslandi, nýlega fundið orgelverk eftir Jóhann Sebastian Bach, þessum fræga, fremstum allra orgeltónskálda. Verkið byggist á þýsku sálmalagi og á undan flutningi mun Sigrún Jónsdóttir söngkona syngja sálmalagið til þess að hlustendur geti tileinkað sér það og áttað sig á hvert Bach er að fara í verkinu. Nú heyrir verkið á Íslandi í fyrsta skipti, og það í Mosfellsbæ.



Vel mætt á vinkonukvöld Lionsklúbbsins í Hlégarði Fjólublátt kvöld Úa

Lionsklúbburinn Úa hélt sitt fyrsta fjóröflunarkvöld í Hlégarði í nóvember. Um 100 konur mættu á vinkonukvöld og var fjólublár litur þema kvöldsins. Mikil gleði ríkti og heppnaðist kvöldið vel í alla staði.

Brýndís Schram var ræðumaður og veislustjóri kvöldsins. Söngkonan Unnur Malín Sigurðardóttir söng nokkur lög og félagar Úu sungu frumsaminn texta frá góðum félögum en dúettinn Hljómur í Mosfellsbæ spilaði undir og söng síðan fleiri lög með gestum. Þá voru félagar í Úu með tiskusýningu frá versluninni Stíl á Laugavegi.

Mörg fyrirtæki studdu klúbbinn með veglegum vinningum fyrir happadrættið og vill Úa koma á framfæri þakklæti til þeirra sem lögðu lið, fyrir góðan stuðning.

Á myndunum má sjá stemninguna hjá konunum á þessu velheppnaða kvöldi í Hlégarði.



LÖGREGLUFRETTIR

Fréttir úr dagbók lögreglunnar



Meðfylgjandi yfirlit er yfir þróun mála hér í Mosfellsbæ mánuðina september-nóvember. Því miður hefur þjófnaðarmálum fjölgað að nokkrum mun, eins og sést á tölum hér að neðan. Sem betur fer þá hefur orðið fækkun á öðrum sviðum.

Þjófnaður

Þjófnaðarmál þessa þrjá mánuði eru orðin 52. Til þessa málaflökks teljast allir þjófnaðir, þ.e. þjófnaður á hjólum, gsm sínum þjófnaðir úr verslunum, bílum og innbrotum inn á heimili sem og vinnustaði/skóla. Til viðmiðunar þá voru 47 tilfelli á fyrstu sex mánuðunum.

Skemmdir

Skemmdarverk eru á þessum þremur mánuðum orðin 24 en fyrstu sex mánuðina voru þau 26, svo hlutfallslega hafa þau aukist. Þetta bendir til þess að þeir sem eru í þessum neikvæða hópi að skemma fyrir öðrum „af því bara“ læðast um í myrkrinu til sinna leiðinda verukum.

Hraðakstur

Óf hraður akstur er jákvæðasti þáttur mála hér og í nágrenni bæjarins. Þessa þrjá mánuði hafa komið upp sjö mál í þessum málaflokki tengd, en fyrstu sex mánuðina 45 tilfelli. Þetta styður þá niðurstöðu sem komið hefur fram í fjölmiðlum að um merkanlega fækkun er að ræða og heill sé okkur öllum hvað það varðar. Ég vil og benda á það að þegar mældur var hraði hér innanbæjar s.l. haust þá komu bæjarbúar verulega og áberandi vel út. Hef ég því miður ekki tölur um fjölda en tel mig muna rétt að aðeins var um að ræða 9% öku-manna sem fóru yfir 30 km hraða þar sem hann gildi. En þessa sömu þrjá mánuði voru teknir hér fimm ökumenn fyrir ölvun við akstur og 13 vegna ástands eða vanrækslu á skoðun ökutækja.

Kveðja frá undirrituðum

Ég hóf störf hér í Mosfellsbæ þann 11. apríl 1994 og er því búinn að starfa hér í nær 15 ár. Ég vil þakka Mosfellingum öllum sem og Kjalnesingum og Kjósverjum fyrir mjög svo ánægjulegan tíma hvað mig varðar og vona að svo sé um ykkur kærar íbúar. Nú um áramótin hverf ég af vettvangi löggæslunnar sæll og ánægður eftir rúmlega 44 ára starf. Stolt mitt og gleði varðandi þetta svæði er hversu fá slys hafa orðið þar sem börnin þessir gullmolar okkar allra hafa átt í hlut. Heill ykkur öllum og ósk um velgengi um ókomna tíð.

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?

SENDU OKKUR LÍNU...

MOSFELLINGUR

mosfellingur@mosfellingur.is

FJÖLSKYLDU TILBOÐ Í SNÆLANDI

2.380,-

4 Hamborgarar, franskar og 2 l. Coke

TILBOÐ

2.380,-



Munið eftir bílalúgunni!



HÁHOLTI 12

Lágafellsskóli hlýtur styrk frá Evrópusambandinu

Evrópskt skólaverkefni

Lágafellsskóli hefur fengið svokallaðan Comenius-styrk til tveggja ára til þátttöku í evrópsku skólaverkefni með fimm öðrum skólum í Evrópu. Tveir skólar í Betws-y-Coed í Wales, skóli í Zeberio á Spáni, skóli í Stralsund í Þýskalandi og skóli í Lipany í Slóvakíu koma að verkefninu.

Styrkurinn er notaður til að standa undir ferðakostnaði, efniskostnaði og ýmsum öðrum kostnaði sem fylgir því að taka þátt í svona starfi. Yngsta stigið tekur þátt í þessu verkefni sem nefnt hefur verið „Water, Water Everywhere“.

Kennarar sækja fundi með samstarfsskólunum þar sem undirbúningsvinna að verkefninu fer fram. Fyrsti skipulagsfundur þessa verkefnis var í Lágafellsskóla 20.-24. nóvember s.l. Starf vetrarins var skipulagt og gestum var sýndur skólinn og starfsemin sem þar fer fram.

Nemendur í 3. bekk tóku sérstaklega vel á móti gestunum og tóku lagið fyrir þá ásamt því að sýna flautuleik undir stjórn Helga söng- og flautukennara.

Þar sem verkefnið gengur út á vatn var farið með gestina að skoða Hellsheiðavirkjun, hinn „Gullna



hring“, Bláa lónið og þeim boðið í mat. Þetta var mikil upplifun fyrir þá bæði að sjá skólann og fá að upplifa fjölbreytileika lands og veðráttu.



Jólamarkaður Ásgarðs á morgun

Árlegur jólamarkaður Ásgarðs verður haldinn á handverkstæðinu að Álafossvegi 14-24 laugardaginn 6. desember frá kl. 12-17. Góðir gestir koma og spila auk þess sem kökur, kaffi og súkkulaði verða til sölu á hógværu verði.

Til sölu verða allar leikfangalínur Ásgarðs auk annarra fallegra trémuna og gefst gestum kostur á því að kynna persónunum á bakvið handverkið. Allt efni sem framleitt er í Ásgarði er úr íslenskum trám. Hjálmar Pálsson mun þenja nikkuna og málverkauppboð verður á mynd eftir Garðar Jökulsson svo eitt-hvað sé nefnt.



Jólasælgæti frá Mosfelli

Á dögunum komu félagar í Kiwanisklúbbnum Mosfelli saman til að pakka sælgæti sem þeir ætla að selja bæjarbúum núna fyrir jólin til tekna fyrir styrktarsjóð sinn. Aðalstyrkþegi klúbbsins undanfarin ár hefur verið Sumardvalaheimili Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra í Reykjadal.

ORÐIÐ ER LAUST...

Hér gefst lesendum kostur á að láta skoðanir sínar í ljós í stuttu máli. mosfellingur@mosfellingur.is

Bestu þakkir

Mig langaði bara að senda Mosfellingi nokkrar línur. Það er svo ánægjulegt að lesa frá gamla bænnum sínum og sjá allt það líf sem á sér stað þar. Að hafa aðgang að fréttabréfi af þessu tagi er ómetanlegt. Sér í lag þegar maður býr langt í burtu og er ekki með í hringiðunni. Eitt er mjög áberandi og stórkostlegur plús fyrir Mosfellsbæ, að mínu mati. Að það er ekki einblínt á vanda fjármálakreppunnar heldur hvað er hægt að gera til að leysa vandan. Og kemur það skýrt fram í Mosfellingi. Kær kveðja frá gömlum Mosfellingi,

Unnur Guðrún Gunnarsdóttir, Noregi

Flott jólatorg

Mikið finnst mér það vel til fundið að opna jólatorg á miðbæjartorginu okkar. Þetta skapar skemmtilega stemningu í miðbænum og gefur lífinu gildi. Þetta torg á náttúrulega að nota eins mikið og hægt er. Torgið býður upp á marga möguleika.

Kristín

Sorglega fáir mættir

Ég fór á forvarnarfræðslukvöld í skólanum sem nefnist Maríta. Kvöldið var fyrir foreldra krakka í 7. bekk. Mikið var ég hissa hvað fáir foreldrar mættu á þennan viðburð. Þetta var gríðarlega fróðlegt og hefði ég ekki viljað missa af þessu. Forvarnir eru gríðarlega mikilvægar í uppeldi okkar. Ég hvet fólk til að mæta þessi foreldrakvöld sem er verið að bjóða upp á.

Ásgeir



SUÐVESTURLÍNUR Styrking raforkuflutningskerfis á Suðvesturlandi

Mat á umhverfisáhrifum Kynning á drögum að matsáætlun

Landsnet hf. undirbýr nú styrkingu og endurbbyggingu raforkuflutningskerfisins á Suðvesturlandi. Markmið framkvæmdanna er að byggja kerfið upp til framtíðar til að það geti mætt framtíðaráformum um orkuflutning á svæðinu, jafnt fyrir atvinnustarfsemi og til almennanota.

Tillaga að matsáætlun kynnt frá 2. til 16. desember 2008

Framkvæmdin er matsskyld skv. lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum. Landsnet hefur hafið vinnu við mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar. Drög að tillögu að matsáætlun er nú birt til kynningar á heimasíðu verkefnisins, www.sudvesturlinur.is og á heimasíðum Landsnets og Eflu verkfræðistofu

Allir geta gert athugasemdir við drög að tillögu að matsáætlun. Frestur til að skila athugasemdum er til 16. desember 2008. Athugasemdir skal merkja „Suðvesturlínur“ og senda með tölvupósti á olafura@landsnet.is eða í pósti til Ólafs Ámasonar, Landsnet hf., Gylfaflöt 9, 112 Reykjavík.

Landsnet • Gylfaflöt 9 • 112 Reykjavík • Sími 563 9300
Fax 563 9309 • landsnet@landsnet.is • www.landsnet.is



Næsta blað kemur út

19. desember

**Þarft þú að koma
einhverju á framfæri?**

Mosfellingur er borinn út í hvert hús og fyrirtæki í Mosfellsbæ, Kjalarnesi og Kjós.

Skilafrestur efnis/auglýsinga er mánudaginn 15. des

mosfellingur@mosfellingur.is



Velgengni Sævars heldur áfram

Íslandsmeistaramótið í skylmingum fór fram á dögunum þar sem allir bestu skylmingamenn landsins komu saman. Sævar Baldur Lúdvíksson gerði sér lítið fyrir og vann gull og tvö silfur á mótinu. Hann sigraði flokk 20 ára og yngri en Sævar er 18 ára gamall. Strærsti árangurinn var hinsvegar þegar hann lenti í öðru sæti í opnum flokki fullorðinna eftir að hafa tapað úrslitarímmunni naumlega. Þar keppti Sævar við Ragnar Inga Sigurðsson, margfaldan Íslands- og Norðurlandameista og enduðu leikar 15:14. Glæsilegur árangur hjá þessum unga Mosfellingi.

Sameinað kvennalið með Fjölni

Afturelding og Fjölnir munu tefla fram sameiginlegu liði í Landsbankadeild kvenna 2009. Samstarfið er til eins árs í senn og nær til meistara- og 2. flokks. Eitt af megin markmiðum félaganna er að hagræða í rekstri þar sem miklir óvissutímar eru framundan. Því mun félagið ekki sækja leikmenn til að styrkja liðið með gylliboðum sem ekki verður hægt að standa við. Auk fjárhagslegs hagræðis og öflugs þjálfarateymis þá sjá félögin sér hag í stækkun og styrkingu leikmannahópsins. Gert er ráð fyrir að heimaleikir verði leiknir bæði á Fjölnisvelli og Varmárvelli í Mosfellsbæ.



HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?

SENDU OKKUR LÍNU...

MOSFELLINGUR

mosfellingur@mosfellingur.is

Nemendur Lágafellsskóla sýna í Þjóðleikhúsinu í samstarfi við Leynileikhúsið Leikið og sungið

Sunnudaginn 30. nóvember flyktust spenntir foreldrar og enn spenntari nemendur á Smíðaverkstæði Þjóðleikhússins til að sýna og sjá leikverkin sem æfð hafa verið í Lágafellsskóla síðastliðnar vikur. Leikararnir slógu í gegn og gaman var að sjá nemendur brjótast undan feimni, sýna öguð vinnubrögð og skemmta sér konunglega í skemmtilegum gervum.

Verkin voru sprengjægileg og mátulega hættuleg spunaverk. Í Hræðilega sirkusnum lék 2.-5. bekkur við hvern sinn fingur þar sem vampírur og hryllilegir trúðar reyndu að losa heiminn við börn. Svakalegri óheppni Halldórs nokkurs Hreiðarssonar var vandlega gerð skil af 6.-8. bekk og kom þar í ljós nokkur dæmi um hvað lífið hefur leikið hann grátt þótt hann haldi alltaf vongóður áfram. Kvennafangelsi 9.-10. bekkjar var frumleg og fræðandi innsýn í valdabaráttu og flotta frá stofnuninni.



Elstu leikararnir eru í valáfanganum leiklist, sem boðið er upp á fyrir 9.-10. bekk en hinir yngri stunda leiklist hjá Leynileikhúsinu sem hefur aðstöðu í Lágafellsskóla. Leynileikhúsið hefur þann háttinn á að æft er í skólunum og svo eru sýningar sem börnin æfa sýnd í atvinnuleikhúsi.

TÓNLISTARPERLUR OG TEXTAR LAXNESS Á NÝJUM GEISLADISKI

... OG FJÖLLIN URÐU KYR



HÓPUR FRAMÚRSKARANDI LISTAMANNA FLYTUR DAGSKRÁ FLÉTTAÐA ÚR TÓNLIST, KVÆÐUM HALLDÓRS LAXNESS OG FRÁSÖGNUM ÚR MOSFELLSSVEIT.

SÖLUSTADIR:

GLJÚFRASTEINN · BÓKASAFN MOSFELLSBÆJAR · ÞJÓNUSTUVER MOSFELLSBÆJAR



Tónleikar

Bubbi Morthens í Hlégarði

MIÐVIKUDAGINN 17. DES KL. 20.30

húsið opnar kl. 20

miðasala á www.midi.is

miðaverð kr. 2.000,-

prime
smáskrifstofa
nánar á www.prime.is

SKÖTUHLAÐBORÐ

í hádeginu á Þorláksmessu



Söltuð skata, kæst skata, tindabikkja, spænskur saltfiskréttur, plockfiskur, saltfiskur, hákarl, síldarréttir, paella, fiskipaté, tartalettur, rauðspretta, fiskigratin, paté og fl.

Borið fram með rúgbrauði, rófum, kartöflum, hnoðmör, smjöri, hömsum, hangifloti og fl.



*Vinsamlegast pantið borð tímanlega
í síma: 566-6195 eða 566-8215.*



Hlégarður

VEISLUGARÐUR
Veisluþjónustan Hlégarði
Háholli 2, 270 Mosfellsbær
Sími 566 6195, Fax 566 6097

Skilningur og samvinna mikilvæg

Fjárhagsstaða Mosfellsbæjar er sterk. Sveitarfélagið býr að því að hafa á undanförnum árum verið að skjóta styrkum stöðum undir fjárhagslega stöðu sína. Mosfellsbær hefur ekki tekið lán síðan árið 2004 og hefur unnið jafnt og þétt að því að greiða þau niður og erlendar skuldir eru lítil hluti skuldafansins.

Hin snögg og hörðu umskipti sem urðu í efnahagslífi þjóðarinnar í byrjun októbermánaðar s.l. hafa hins vegar haft í för með sér að við sveitarfélögunum blasir nýr veruleiki á næsta ári.

Á s.l. miðvikudag voru lögð fram til fyrri umræðu, drög að fjárhagsáætlun Mosfellsbæjar. Á undanförnum vikum hefur verið unnið hörðum höndum að því að koma saman fjárhagsáætlun fyrir árið 2009. Sú vinna var komin vel á veg um mánadámótin september-október þegar hrun bankanna átti sér stað.

Hið breytta efnahagsumhverfi sem við það myndaðist hefur valdið því að allar forsendur sem unnið var eftir hafa brostið og þurfti því að hefja að nýju vinnu við fjárhagsáætlun næsta árs með önnur markmið að leiðarljósi.

Gripa þarf til ráðstafana

Við gerð fjárhagsáætlauna fyrir komandi ár blasir við verulegur samdráttur tekna, samhliða vaxandi verðbólgu og tilsvaramur hækkingu útgjalda, verði ekki gripið til neinna ráðstafana. Gera má ráð fyrir að tekjusatdráttur geti orðið 10-15% að raunvirði og kostnaðarhækkunar um 15-20%. Við þessar aðstæður er vandséð hvernig sveitarfélögin geta sett fram fjárhagsáætlanir sem byggja á hallalausum rekstri eins og lög gera ráð fyrir. Þrátt fyrir að ýtrasta aðhalds verði gætt í öllum rekstri og ýmsir rekstrarliðir og útgjöld skorin niður, liggur fyrir að það dugar ekki til, eigi að standa við þau meginmarkið að halda úti óskertri grunn- og velferðarþjónustu sveitarfélögunna.

Vonast eftir skilningi

Á tímum sem þessum er samráð og samvinna um mál sem þessi mikilvæg. Því hafa meirihluti og minni-



hluti í bæjarstjórn leitast við að vinna saman að gerð fjárhagsáætlunar fyrir 2009.

Það er erfitt verkefni að koma saman fjárhagsáætlun við þessar aðstæður og það kann að þurfa að hreyfa við hlutum sem íbúar hafa búið við undanfarin ár. Við þær aðstæður sem nú ríka vonumst við til að íbúar sýni því skilning.

Leitast verður við að halda gjaldskránni grunnþjónustunnar óbreytt um enn um sinn þrátt fyrir miklar kostnaðarhækkunar. Þetta þýðir jafnframt að ekki er svigrúm fyrir miklar breytingar á hinum ýmsu niðurgreiðslum og styrkjum sveitarfélagsins. Ljóst er að í nýjar framkvæmdir verði ekki ráðist nema að lánafyrirgreiðsla fáiast. Á næsta ári mun reksturinn ekki skila neinum tekjum upp í framkvæmdir eins og undanfarin ár.

Markmiðið fyrir fjárhagsáætlun næsta árs verður að reyna að halda veltufé frá rekstri sem næst núllinu, þ.e. að ekki þurfi að fjármagna hinn venjubundna rekstur með lántökum. Við viljum forðast í lengstu lög að skuldsetja komandi kynslóðir fyrir okkar eigin neyslu.

Það er einnig mikilvægt að hið opinbera haldi uppi framkvæmdum eins og kostur er á tímum sem þessum. Í því sambandi er mikilvægt að horfa til mannaflsrekra framkvæmda til að halda uppi atvinnustigi og halda hjólum atvinnulífsins gangandi.

Fjárhagsáætlun endurskoðuð

Ljóst er að sú mikla óvissa sem nú er um fjárhagsáætlanir sveitarfélöga kallar á breytt vinnubrögð. Af þeim sökum verður fjárhagsáætlun Mosfellsbæjar endurskoðuð snemma á næsta ári og metið hvort tekjuforsendur ásamt áætlun um verðlagsþróun komi til með að standast.

Við vonumst til að það ástand sem nú ríkir sé tímabundið og á næstu árum getum við haldið áfram að sækja fram og að byggja upp enn betra samfélag hér í okkar góða bæjarfélagi.

Haraldur Sverrisson
bæjarstjóri

350 krakkar á knattspyrnumóti að Varmá Legómót Aftureldingar



Hér má sjá stúlkur úr 7. flokki á Legómóti sem fram fór helgina 22.-23. nóvember.

Aðventan og jólaandinn

Síðasta sunnudag kveiktum við á spádómskertinu á aðventukransinum og þann næsta verður Betlehemskertið tendrað. Aðventan einkennist af undirbúningi jólahátíðarinnar og oft ríkir spennungr hjá ungum sem öldnum. Jólin og aðventan eru ákaflega sérstakur tími í mínum huga. Jólaljósin lýsa upp skammdag og kveikja nýja von. Allt fær á sig hátíðlegan blæ. Hversdagsleikinn vikur fyrir bjartari, hlýrri og kærleiksríkari tímum. Á sama tíma gerir maður upp árið sem senn rennur sitt skeið og horfir fram á veginn mót nýju ári og nýjum tækifærum.

Aðventan getur líka einkennst af streitu og óhöfi. Fólk ætlar að gera allt á stuttum tíma. Það þarf að þrifa allt hátt og lágt, kaupa jólagjafir, skrifa jólakort, baka smákökur, kaupa jólaföt, fara á jólahlaðborð, fara í jólaklippingu og snyrtingu, fara í ræktina til þess að komast í jólakjólinn og svona má lengi telja. Á þessum tíma er þar að auki aukið álag í starfi hjá mörgum. Sú hætta getur skapast að fólk keyri sig út og njóti ekki aðventunnar eða jólahátíðarinnar. Maður er stundum svo upptekinn að eltaf við það stóra að maður gleymir hinu smáa en kannski er það smáa einmitt það sem skiptir mestu máli. Það er ekki til mikils að vinna að hafa allt spegilgljáandi, líta stórglæsilega út í nýja jólakjólnum og gefa flottustu gjafirnar ef maður sofnar svo ofan í humarsúpuna!

Undanfarir haust hefur verið okkur Íslendingum erfitt. Gríðarlegir erfiðleikar hafa verið í samfélaginu í kjölfar hruns efnahagskerfisins. Það hefur svo leitt af sér aukið atvinnleysi, ótryggt ástand, kjaraskerðingu og aðra erfiðleika eins og kunnugt er. Andrúmsloftið er blandið ótta, óvissu, reiði og öðrum neikvæðum tilfinningum. Það er mjög eðlilegt í þessu ástandi.



Þessi grein er skrifuð til þess að hvetja fólk sérstaklega til þess að draga fram björtu hliðarnar, jákvæðnina og finna hinn sanna jólaanda á aðventunni. Hvað er það sem skiptir okkur mestu máli þegar upp er staðið? Fólk og jólaandinn er það sem skiptir mestu máli að mínu mati. Fólk sem maður nýtur hátíðarinnar með, fólk sem maður gefur gjafir, fólk sem maður sendir jólakort og fólk sem maður vottar virðingu sína með því að setja ljós á leiði þess.

Það er mikilvægt að vera til staðar fyrir hvert annað og sýna kærleika og hlýju. Bæði gagnvart sínum nánustu en einnig gagnvart ókunnugum. Þetta er sérstaklega mikilvægt fyrir börnin. Þau hafa þörf fyrir það að njóta aðventunnar og hlakka til jólnanna án þess að það sé í skugga áhyggna og ótta. Samveran og hinn sanni jólaandi er það dýrmætasta. Jólaandinn gerir ekki greinarmun á því hvort allir skápar hafi verið teknir í gegn, gjafirnar séu óhóflega stórar eða hvort maður hafi komist í jólakjólinn. Hinn sanni jólaandi er ekkert af þessu. Hann fæst ekki keyptur, hvorki fyrir krónu eða evru og ekki er hægt að þvinga hann fram í gljáfægðri státsstofunni. Nei, jólaandinn kemur inn frá. Jólaandinn er brosið, faðmlegið, augnatillitið, bjarminn, hlýjan, gleðin, þakklætið, nýfallinn glitrandi snjórinn og annað sem einkennir jólaanda hvers og eins. Með aðventukertunum geta allir tendrað sína framtíðarsýn og von.

Ég vona að þú lesandi góður eigir góða aðventu og jólahátíð sem einkennist af hinum sanna jólaanda og að þú skapir góðar minningar með þér og þínum.

Gleðilega hátíð.

Kristbjörg Þórisdóttir
Höfundur er nemi og er í
Framsóknarfélagi Mosfellsbæjar.

Málningarþjónustan

Leiftur

Sími: 868-2228

FRÓÐLEIKSNÁMA UM SÖGU MOSFELLSBÆJAR


Sjaldan eða aldrei hefur komið út jafn glæsileg byggðarsaga og *Mosfellsbær, saga byggðar í 1100 ár*. Bókin er öll litprentuð og afar vönduð að allri gerð. Hana prýða yfir 700 myndir sem fæstar hafa birst áður.

Mosfellsbær, saga byggðar í 1100 ár er einstaklega glæsileg gjöf og skyldueign allra sem vilja kynna sér sögu Mosfellsbæjar.

MOSFELLSBÆR SAGA BYGGÐAR Í 1100 ÁR

eftir Bjarka Bjarnason og Magnús Guðmundsson

fæst nú á sérstöku tilboðsverði í þjónustuveri og á bókasafni Mosfellsbæjar.



MOSFELLSBÆR

ÞJÓNUSTUVER MOSFELLSBÆJAR • KJARNA • ÞVERHOTLI 2 • 270 MOSFELLSBÆ • SÍMI 525 6700



Leikfélag
Mosfellssveitar

Jólaævintýri í Bæjarleikhúsinu

Það er sannkallað jólafjör í jólasýningu Leikfélags Mosfellssveitar. Þar stíga Grýla og Leppalúði á stökk ásamt jólakettinum, Leiðindaskjóðu og fleiri góðum gestum. Frábær skemmtun fyrir alla fjölskylduna. Aðeins verða sýndar tvær sýningar:

Sunnudaginn 7. des. kl. 16:00

Sunnudaginn 14. des. kl. 13:00

Miðaverð 1000 krónur.

Miðapantanir í síma 566-7788.



...að Hekla Daða sé ólétt.

...að Marteinn framsóknaroddviti hafi vitnað í 21. kafla Matteusarguðspjalls vers 12,13 þegar tekin var fyrir umræða um menningarhús og kirkju á bæjarstjórnarfund. „Hús mitt á að vera bænahús en þið gerið það að ræningjabæli.“

...að sjónvarpsmaðurinn góðkunni, Gísli Einarsson fari út og suður í veislustjórnnorrablóts Aftureldingar í janúar.

...að Davíð Jón sé þritugur í dag.

...að þorablót Dalbúa verði haldið í Hlégarði þann 30. janúar.

...að mikið sé um innbrot í bæjarfélaginu um þessar mundir.

...að 700 grömm af marjúána hafi fundist í Mosó í síðustu viku.

...að nú geti stelpur komist í brasilískt vax í Mosó, á snyrtistofunni Taliu.

...að Bubbi verði með tónleika í Hlégarði á miðvikudaginn.

...að skvísurnar á Pílus og GK snyrtistofu séu komnar á Facebook.

...að Hreindís Ylva, 19 ára Mosfellingur, sé komin í loka úrslit í Söngvakeppni Sjónvarpsins 2009.

...að pizzurnar á Pizzabakaríinu séu skírðar eftir kennileitum úr sveitinni.

...að Viðar Hauks sé orðinn pabbi.

...að bílasalan hjá Októ og co. opni um miðjan mánuð í gamla Nóatúnshúsinu.

...að strákarnir í 4. flokki handboltans skúri, skrúbba og bóni bíla um þessar mundir og safni fyrir utanlandsferð.

...að Kiwanishúsið verði rífið.

...að Þóra listakona á Hvirfli hafi verið í Innlit/Útlit

...Steindi Jr. sé að gera góða hluti með sketsana sína á monitor.is

...að næsti heimaleikur í handboltanum verði föstudaginn 12. des gegn Selfoss sem þarf að vinnast.

...að búið sé að finna nýjan verkataka til að sjá um byggingu reiðhallarinnar á hesthúsasvæðinu en höllin átti að vera tilbúin í fyrra.

mosfellingur@mosfellingur.is

„Steini mæló“ heiðraður á Ásláki

Bæjarróni ársins

Hið árlega hrossakjötskvöld hjá bæjarrónafélagi Mosfellsbæjar var haldið 14. nóvember á Ásláki. Val á bæjarróna ársins fór fram og að þessu sinni var það Þorsteinn Sigvaldason, starfsmaður áhaldahúss Mosfellsbæjar. Áður hafa hlotið nafnbótina, Davíð B. Sigurðsson 2006 og Elín Reynisdóttir 2007.

„Þetta er skemmtilegur siður hjá Rónafélaginu og auðvitað er þetta heiður að hljóta þessa nafnbót“ sagði Þorsteinn léttur í bragði eftir afhendinguna. Davíð B. Sigurðsson forseti félagsins tekur í sama streng og segir að nafnbótin komist næst því að verða valinn heiðursborgari bæjarins. Rónarnir koma saman á föstudögum milli kl. 17 og 19 á Ásláki. „Þarna kemur saman vinahópur sem endar vinnuvíkuna saman í góðum félagskap“, segir Þorsteinn, nývalinn bæjarróni ársins. Eftirfarandi ályktun er frá fundi bæjarrónanna:

Tekinn hefur verið upp nýr gjaldmiðill, (K)-Róna. Gengi rónunnar hefur verið tengt verði á hálfum lítra af bjór, þannig að upphafsgengi rónunnar var miðað við 500 gamlar íslenskar krónur. Banki nýja gjaldmiðilsins heitir



Þorsteinn Sigvaldason tekur við bikarnum úr höndum Ragnheiðar Ríkhardsdóttur fyrrum bæjarstjóra Mosfellsbæjar en hún er gefandi þessa glæsilega gripar sem bæjarróni ársins hlýtur.

(S)-Eðlabankinn og er með aðsetur á Ásláki í Mosfellsbæ. Bankastjóri nýja bankans er Davíð B. Sigurðsson, forseti félagsins. Tilkynnt verður um leið og nýi gjaldmiðillinn fer í umferð.

Félagar úr slökkviliði höfuðborgarsvæðisins heimsóttu grunnskólana

Eldvarnarvika hjá 3. bekkingum

Slökkviliðsmenn kom nýlega í heimsókn í 3. bekk grunnskóla Mosfellsbæjar. Þeir voru með fræðslu um viðbrögð við bruna og reyk en einnig sýndu þeir börnunum slökkviliðs- og sjúkrabílana sína. Börnin fengu það verkefni að kanna eldvarnarútbúnað á heimilum sínum og veitir væntanlega ekki af nú fyrir jólin.



Í eldhúsinu

Rice Crispies Marens



HJÁ DAGBJÖRTU

Dagbjört Brynjarsdóttir forstöðumaður Frístundasels Lágafellsskóla og skátaforing gefur okkur uppskrift að þessu sinni.

Marens botnar:

2 bollar sykur
4 eggjahvítur
2 ts. lyftiduft
2-3 bollar af Rice Crispies.
Stíffþeyta eggjahvítur og sykur. Hræra varlega út í lyftiduft og Rice Crispies. Teikna mátulega stóran hring á tvær ofnplötur með bökunarpappír. Dreifa

jafnt út deiginu. Bakað neðarlega í ofni í um 45 mín. á 150° C.
Þegar botnarnir eru orðnir kaldir er sett á milli þeirra:
½ líter af þeyttum rjóma sem er bragðbætt með Daim kurli.
Krem ofan á kökuna:
2 eggjarauður
100gr. brætt súkkulaði
4 msk. flórsykur
2-3 msk. þeyttur rjómi
Eggjarauður og flórsykur þeytt vel saman. Brædda súkkulaðinu bætt rólega úti. Að lokum er þeytti rjóminn

hræður varlega út í. Kreminu er svo hellið yfir kökuna. Best er að láta hana standa í ískáp í sólhring áður en hún er borin fram til þess að marensinn sé orðinn mjúkur og góður. Skreyta má með jarðarberjum eða einhverju öðru áður en hún er borin fram. Verði ykkur að góðu.



Píparkökuhús
Píparkökur
Píparkökudeig



texture

HÁRSTOFA

Óskum eftir að ráða svein eða meistara

Upplýsingar gefur Olga í síma 696-8500

texture - háholt 23 - s. 5668500



Snýrtistofan Talía

Höfum opnað inn af Texture hárstofu

Öll almenn snýrtíng
Einnig gjafabréf

Allir velkomnir - Sími 566-8500

"Er þér annt um bílinn þinn"

Þá langar okkur að vekja athygli yðar á gildi ryðvarnar.

Við búum við mjög umhleyplingasamt veðurfar. Mikil söltun gatna gerir ryðsækni hér á landi með því allra mesta sem gerist.

Því mælum við með íslenskri ryðvörn

"Reynslunar vegna"



BÍLAPARTAR

VIÐ HÖFUM ÞAÐ SEM ÞÚ LEITAR AÐ

TOYOTA NOTAÐIR VARAHLUTIR

- NYJRI HLUTIR
- VIÐTÆRIMAR
- BREMSKLOSSAR

- TÍMAREIMAR
- SMURSLUR
- PERUR

- KERTI
- HREINSEFNI
- OLJUR



GRÆNUMÝRI 3 - SÍMI 587 7659 - WWW.BILAPARTAR.IS

MOSFELLINGUR

KEMUR NÆST ÚT 19. DESEMBER
SKILAFRESTUR EFNIS ER MÁNUDAGINN 15. DES

PIZZUR

	9"	12"	15"	18"
MARGARITA	m/sósu og osti	970	1390	1680
KRYDDPIZZA	m/osti og kryddblöndu	970	1390	1680
SJÁVARRÉTTAPIZZA	m/sósu, osti, rækjum, túnfiski og kræklingi	1450	2020	2650
HAWAII	m/sósu, osti, skinku og ananas	1240	1790	2360
SOMBRERO	m/sósu, osti, nautahakki, sveppum og pepperoni	1450	2020	2650
HRÓI HÖTTUR	m/sósu, osti, skinku, pepperoni, ananas og lauk	1570	2250	2990
BOLOGNESE	m/sósu, osti, nautahakki, sveppum og papríku	1450	2020	2650
MEXICANA	m/sósu, osti, kjúklingi, nachos, lauk, papríku, rjómaosti og jalapenos	1570	2250	2990
HRÓI FAJITAS	m/sósu, osti, kjúklingi, hvítlauk, sveppum og maískorni	1450	2020	2650
GRÆNMETISPIZZA	m/sósu, osti, tómötum, sveppum, lauk, ólífum og gráðosti	1570	2250	2990
AMERICANA	m/sósu, osti, pepperoni, sveppum og lauk	1450	2020	2650
OSTAVEISLA	m/sósu, camembert, gráðosti, parmesan og piparosti	1510	2100	2740
SPECIALE	m/sósu, osti, skinku, sveppum, pepperoni og jalapenos	1570	2250	2990
PEPPERONI	m/sósu, osti, auka pepperoni, jalapenos, ólífum og grænum pipar	1570	2250	2990
JUVENTUS	m/sósu, osti, pepperoni, ananas og sveppum	1450	2020	2650
PIZZA BANANAS	m/sósu, osti, pepperoni, banönum og ananas	1450	2020	2650
SUPREME	m/sósu, auka osti, nautahakki, skinku, pepperoni, sveppum, papríku, ananas og lauk	1590	2570	3250
KJÖTVEISLA	m/sósu, pepperoni, nautahakki og beikoni	1450	2020	2650
HVÍTLAUKSBRÁUÐ	m/osti, kryddi og hvítlauksolíu	970	1390	1680

BRÁUÐSTANGIR - LÍTILL KR. 550 / STÓR 650

SÍMI: 55 44444

Hrói Höttur, Þverholti 2, Kjarna

Grunnverð á pizzu:

Verð á hvert álegg:

	9"	12"	15"	18"
Grunnverð á pizzu:	970	1390	1680	1990
Verð á hvert álegg:	190	290	420	510

HAMBORGARAR

Allir okkar hamborgarar eru bornir fram með frönskum.

30. HRÓA BORGARI / TVÖFALDUR 1200/1490 Kr.
Með salati, osti og okkar frábæru Hróa Hattar sósu

31. BARBEQUE BORGARI 1310 Kr.
Með osti, salati, tómötum, súrum gúrkum og BBQ sósu


33. BEIKON BORGARI 1420 Kr.
Með beikoni, osti, salati, lauk og sósu



MOSFELLINGUR

SPURNING TIL BÆJARBUA

Hvaða lag kemur þér í jólaslap?



UNA:
Eitt lítið jólaglag.



FINNBOGI: Snjókor falla með Ladda.



HÉÐINN:
Jingle Bells.



KÁRI: Bráðum koma blessuð jólin.



TELMA: All I want for Christmas.




SÆVAR: Jólahjól með Stebba og Sniglunum.




Hvar varst þú áttatíu og þrjú?




Hjössí mæló?



Aspar-lundarnir



Karen og Heiða



Hjartaknús




Á leið í jólaköttinn



Stúlkurnar á internetinu



Halla og Habbý í Harðarbóli



Hrafninn flýgur

HVERJIR VORU HVAR?

Allar myndir eru vel þegnar - mosfellingur@mosfellingur.is



Gaman saman



Endurfundur



Sjálfsmynd



Mosfellingar styðja sína menn



Vallarnir



Helgi Snurrar




Raggi, Oddur og Stebbi



Axelandra




+ & -



Séns á sleik?



Helga og Brynja



Rjúpur frá Munda



AXEL, HÖGNI OG ÞÓRÐUR

EFSTU MENN Í ÁRLEGU

PÚTTMÓTI BÆJARRÓNAFÉLAGSINS

TVÍFARAR



ÚLLI



ÓLI STEF

Áslákur

ÞRI-FIM: KL. 17-00
FÖS-SUN: KL. 15-01

LAUGARDAGSKVÖLD
HLJÓMSVEITIN BIRTING

6. DES KL. 23-02
1000 KR. INN

Lokað á mánudögum. Ath. opið lengur um helgar ef um uppkomur er að ræða.



ÚT MEÐ SLÆ

Ég ætla út með stæl. Það eru allir að tala um kreppuna og hversu skelfilegt þetta á eftir að verða. Hversu illa svikin við erum og að Ísland sé orðið handakríki heimsins. Þess vegna ætla ég að lifa eins og kóngur næstu þrjá mánuðina.

Ég ætla eyða öllum peningun- um mínum í bólvaða djöfulsins vitlesu. Ég ætla kaupa mér svona gamaldags reiðbuxur sem pokast út á lærunum. Af því bara mér datt það í hug. Ég ætla líka að kaupa mér staf. Helst frekar lítinn staf þannig að ég þurfi að beygja mig aðeins þegar ég labba með hann. Já ég geri bara það sem ég vil.

Ég ætla fara í búðir og kaupa fátarlega dýrar jólagjafir handa öllum sem ég þekki. Ég ætla kaupa joggngalla sem er úr eins hreinu gulli og efni getur orðið handa Yrju kærst- unni minni. Ég ætla gefa pabba einhverja helvítis þvalu líka og snekkju handa mömmu. Ef þú vilt eitthvað, hringdu þá bara í mig. En ekki fyrir hádegi samt.

Ég fæ bara lán fyrir þessu öllu. Já! Hvað helduru að ég ætli að borga þetta? Ekki séns!!! Ég fæ bara það sem ég vil. Tek bara lán fyrir því og tek svo lán fyrir láninu og legg lánið að veði. Ég löðruna bara afgreiðslufólkið ef það vill ekki lána mér. Gemmér! Það er það sem ég ætla og vil. Ha! Ég má alveg fá allskonar skemmti- legt þó að það særi alla sem á vegi mínum verða.

Hvah? Er ég að breytast í út- rásarvíking eða nýrrikan banka- plebba? Mennina sem eyðilögðu heila þjóð? Gæti það verið? Æi hverjum er ekki sama? Það verð- ur hvort sem er ekkert gert í því og einhver annar þarf bara borga brúsann. Ég skipti bara um kenni- tölu og bíð mig fram til alþingis. Fæ alla vega feitan eftirlauna- tækka þar. Áfram Ísland.

Ásgeir Jónsson

SMÁAUGLÝSINGAR FRÍTT FYRIR EINSTAKLINGA

Fjórhljól til sölu

Til sölu fjórhljól 4x2- 2001 Yama- ha Blaster á 195 þ. stgr. uppl. í s. 661-3145 - TOPPHJÓL

Íbúð til leigu, langtíma

Ný þriggja herbergja tæplega 70 fm. íbúð í Krikahverfi, til leigu. Íbúðin er á neðri hæð í einbýlishúsi. Íbúðin er laus um miðjan desember. Nánari upp- lýsingar fást í s. 895-1503.

Íbúð til leigu í Teigunum

Mjög falleg 4ja herbergja íbúð til leigu í Teigum. Íbúðin er björt og rúmgóð með sér baðherbergi fyrir hjónin. Gott leiguverð fyrir gott fólk. Uppl. í s. 863-7722.

Til leigu 80 fm. íbúð

Rúmgóð 80 fm. íbúð á neðri hæð í Ásholti í Mosfellsbæ. Laus frá áramótum, mjög hagstæð leiga. Uppl. í s. 895-7055

Hjól í óskilum á Drauma

Kvenmannshjól er í óskilum fyrir utan Draumakaffi í Háholtinu. Eigandinn er vinsamlegast beðinn um að vitja þess.

Fartölvu stolið

Gamalli fartölvu var stolið af skrifstofu Aftureldingar. Ef einhver hefur upplýsingar um málið er hann beðinn um að hafa samband við skrifstof- una. Ýmis mikilvæg gögn eru í tölvunni sem þjófurinn hefur engin not af.

Íbúð til leigu í Klapparhlíð

Til leigu 2ja herbergja íbúð á jarðhæð í Klapparhlíð. Laus frá áramótum. Upplýsingar í s: 863-2393

Íbúð til leigu í Furubyggð

Raðhús til leigu í Furubyggð, þriggjaherbergja 105 fm. Íbúð ný máluð og í góðu standi. Gott leiguverð. Uppl. í síma: 864-1202

Hef opnað nuddstofu

Get komið í heimahús og nuddað. Adam s.659-1237.

Fyrirtæki sem auglýsa í Mosfellingi

stuðla að því að þú fáið blaðið frítt inn um lúguna á þriggja vikna fresti



B. Markan ehf.
Pípulagnir

☎ 660 6690



HONDA Lárus Wöhler löggiltur ökukennari, gsm 694-7597 eða bjartahlid@hive.is



Kaffi- og veitingahús - Háholti 12 - S.586 8040





Viltu betri heilsu?
Leitaðu til ráðgjafa með reynslu

Ragnheiður Jóhannsdóttir
Hertalífe ráðgjafi í Mosfellsbæ
Sími: 869 9913
betriheilsa.is/ragga, raggasj@gmail.com



BÍLSKÚRAR • SVALIR • BAÐHERBERGI • STOFUR • ELDHÚS • VERSLANIR • IÐNAÐARHÚSNÆÐI

**Steinteppe
& epoxy
gólfefni**



SteinTeppi.is

Sími 864 6600

www.steinteppe.is | steinteppe@steinteppe.is



S. 55 44444
Þverholti 2
Kjarna

MOSFELLINGUR

GK
Snyrtistofa

Kjarna
Þverholti 2
Sími: 534 3424



ÉG KEMST Í HÁTÍÐARSKAP...

Þessar stúlkur komust í hátíðarskap þegar kveikt var á jóla-trénu um síðustu helgi. Á myndinni eru þær þó komnar inn í hlýjuna í Kjarna að dagskrá lokinni á jólatorginu

Mynd/Hilmur

Við erum
búin
að opna!

ELD HÚSIÐ
Pizzabakari

522-2222

Urðarholt 2 270 Mosfellsbæ eldhusid.is



Jólaævintýri í
Bæjarleikhúsinu

Aðeins tvær sýningar

sun. 7. des. kl. 16 og sun. 14. des. kl. 13

www.leikmos.is

Þjómsta við
Mosfellinga í 19 ár



Laxatunga

Leirvogstunguhverfi
Falllegt 243,9 fm endaraðhús
á tveimur hæðum. Húsið
afhendist fullbúið en tilbúið til
innréttinga að innan.



Furubyggð

Vandað og vel staðsett 165 fm. parhús
með auka 18 fm. öskráðu rísherbergi.
Lokuð og gróin gata. 4 svefnherbergi. 2
baðherbergi. Flottur sólþallur. Hellulagt
bílaplan. Hagstætt 4,15% lán. Skipti á
óðýrari eign koma til greina. V. 39,5 m.



Kvíslartunga

Glæsilegt 278 fm. parhús á
tveimur hæðum við Kvíslar-
tungu í Mosfellsbæ. Eignin er
fullbúin að utan en rúmlega
fokhæld að utan. 80 fm. svalir.
V. 47,9 m.

Litlikriki - raðhús á hagstæðu verði



Fjögur raðhús á einni hæð með mikilli lofthæð á frábærum stað efst við Litlikriki.
Frábært skipulag. Stærð húsa frá 197-207 fm og afhendast tilbúin til innréttinga.
Verð frá 37,5 - 41,2 millj. Áhvilandi lán frá íbúðalánasjóði.



588 55 30

Pétur
Pétursson
löggiltur
fasteignasali
897-0047



Grétar J.
Stephensen
löggiltur
fasteignasali
861-1639



Litlikriki

Glæsilegt 207 fm. endaraðhús sem er
rúmlega tilbúið til innréttinga. Innbyggður
bílskur 30 fm. Bílskurinn er fullbúinn með
góðu geymslulofti. Hiti í gólfum og byrjað
að setja upp milliveggi. Hagstætt lán frá
íbúðalánasjóði kr. 20 millj. áhvilandi.



Reykjavegur

Flott 218 fm. einbýli á 1400fm.
eignarlóð við Reykjaveg. Góðar
innréttingar, sólskáli, sólþallur og
heitur pottur. Afar stór garður og
næg bílastæði.

Stóriteigur - fallett einbýli



Fallett 213 fm. einbýli við Stórateig. Gott skipulag. Rúmgóð stofa og eldhús.
Sólskáli, og nýlegur sólþallur með heitum potti. Nýtt járn á þaki. Rúmgóður bílskur.